

Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu

Þriðjudaginn 19. maí 2026, klukkan 17:30

Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu, kt. 710599-2979, Borgartúni 35, 105 Reykjavík (hér eftir „FKA“ eða „félagið“), var haldinn í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík og með rafrænum hætti í gegnum streymi klukkan 17:30 þriðjudaginn 19. maí 2026.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi í samræmi við fundarboðun og lög félagsins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar.
4. Ákvörðun félagsgjalds.
5. Skýrslur starfsnefnda.
6. Lagabreytingar
7. Lýsing á kjöri stjórnar, nefnda og ráða.
8. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara.
9. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, formaður FKA, setti fundinn fyrir hönd stjórnar og bauð félagskonur velkomnar.

Hún lagði fram tillögu um að tilnefna Svanhildi Jónsdóttur, deildarstjóra fjárfestinga rafveitu hjá Veitum og formann LeiðtogaAuðar, sem fundarstjóra. Fundarstjóri tilnefndi Hafdísí Perlu Hafsteinsdóttur lögmann og eiganda Contracta ehf. lögmannsþjónustu sem fundarritara. Enginn hreyfði andmælum og voru tillögurnar samþykktar.

2. Skýrsla stjórnar

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, formaður FKA, fór yfir starfsemi félagsins á liðnu starfsári og gerði grein fyrir helstu verkefnum og áherslum stjórnar. Fram kom að FKA hefði aldrei verið stærra eða öflugra, með sterkar deildir, öflugt nefndarstarf, virkt ráðastarf og fjölbreytt hreyfiaflsverkefni sem hefðu haft sýnileg áhrif í samfélagsumræðu og atvinnulífi.

Formaður fór sérstaklega yfir starf Jafnvægisvogar FKA, Mentorverkefni FKA Framtíðar, Sýnileikadagsins og Viðurkenningarhátíðar FKA, sem öll hefðu notið mikillar þátttöku og jákvæðrar athygli á starfsárinu. Þá kom fram að þátttaka á viðburðum félagsins hefði verið mjög góð og að starfsemi félagsins hefði eflst enn frekar með sterkum samstarfsaðilum og stuðningi styrktaraðila.

Einnig var farið yfir samstarf félagsins við fyrirtæki, stofnanir og alþjóðleg verkefni, meðal annars þátttöku FKA í verkefnum tengdum Alþjóðlegum baráttudegi kvenna og samstarfi við Nasdaq Iceland, UN Women Ísland og UN Global Compact á Íslandi.

Formaður þakkaði stjórn, nefndum, deildum, ráðum, framkvæmdastjóra félagsins og öllum félagskonum fyrir öflugt starf og þátttöku á starfsárinu.

Fundarstjóri þakkaði stjórn, nefndum, starfsfólki og félagskonum fyrir öflugt starf á liðnu ári.

3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar

Margrét Hannesdóttir, gjaldkeri stjórnar FKA, kynnti ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár og fór yfir helstu niðurstöður rekstrarársins. Fram kom að rekstur félagsins hefði tekið jákvæðan viðsnúning á árinu og að félagið hefði farið úr tapi yfir í hagnað milli ára. Einnig var farið yfir þróun félagsgjalda, styrkja og lausafjárstöðu félagsins.

Gjaldkeri gerði jafnframt grein fyrir breytingum á framsetningu ársreiknings, meðal annars með sérstakri sundurliðun á fjárhagsstöðu landsbyggðadeilda og FKA Framtíðar. Þá var farið yfir áframhaldandi þróun í rekstri félagsins, þar á meðal uppfærslu heimasíðu og fyrirkomulag varðandi fjármuni landsbyggðadeilda.

Að loknum umræðum var ársreikningur félagsins borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

4. Ákvörðun félagsgjalda

Lögð var fram tillaga stjórnar um að félagsgjald næsta starfsárs yrði hækkað úr 28.400 kr. í 32.000 kr.

Formaður stjórnar gerði grein fyrir rökstuðningi stjórnar fyrir tillögu um hækkun félagsgjalda, meðal annars með vísan til aukins umfangs starfsemi félagsins, almennrar verðlagsþróunar og þess að eðlilegt væri að félagsgjöld stæðu undir meginrekstri félagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Umræður fóru fram.

Að loknum umræðum var tillagan borin upp til samþykktar og var hún samþykkt.

5. Skýrslur starfsnefnda og deilda

Andrea Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri FKA, fór yfir starfsemi nefnda, ráða og landsbyggðadeilda félagsins á starfsárinu. Fram kom að tæplega 1.500 félagskonur væru nú í félaginu og að fjölmargar konur hefðu tekið virkan þátt í störfum stjórnar, nefnda, ráða og deilda. Þá var sérstaklega nefnt að fulltrúaráð félagsins hefði verið virkjað á starfsárinu til að efla tengsl og samstarf innan félagsins.

Gerð var grein fyrir öflugu starfi landsbyggðadeilda FKA á Austurlandi, Norðurlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi, þar sem meðal annars voru haldnir fjölbreyttir viðburðir, fyrirtækjaheimsóknir, námskeið, tengslaviðburðir og samfélagsverkefni. Sérstaklega var nefnd

mikil fjölgun félagskvenna í nokkrum deildum og öflug þátttaka í viðburðum félagsins um land allt.

Jafnframt var farið yfir starf nefnda félagsins, þar á meðal Alþjóðanefndar, Fræðslunefndar, Golfnefndar, Nýsköpunarnefndar, Viðskiptanefndar og FKA New Icelanders. Fram kom að nefndirnar hefðu staðið fyrir fjölbreyttri dagskrá og stuðlað að öflugri tengslamyndun, fræðslu og þátttöku félagskvenna í atvinnu- og samfélagslífi.

Að lokum þakkaði framkvæmdastjóri öllum þeim fjölmörgu félagskonum sem sinnt hefðu trúnaðarstörfum og sjálfböðavinnu fyrir félagið á starfsárinu. Fram kom að starfsemi FKA byggðist á krafti, hugmyndaauðgi og samhug félagskvenna og að framlag þeirra væri ómetanlegt fyrir áframhaldandi uppbyggingu og þróun félagsins.

6. Lagabreytingar

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögum að lagabreytingum sem kynntar höfðu verið í fundarboði í samræmi við 3. mgr. 48. gr. laga félagsins.

Fundarritari las upp hverja lagabreytingartillögu fyrir sig og fundarstjóri bar þær upp til atkvæða.

a) Tillaga um breytingu á 3. gr. laganna – Leiðir að tilgangi og markmiðum

Fundarritari gerði grein fyrir því að lagt væri til að felld yrði brott ákvæði um þrjár stoðir félagsins úr 3. gr. laganna þar sem sambærilegt ákvæði kæmi þegar fram í 14. gr. laganna.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

b) Tillaga um breytingu á 6. gr. laganna – Kjörgengi og kosningaréttur

Fundarritari gerði grein fyrir því að lagt væri til að skýrt yrði nánar hvað fælist í því að vera skuldlaus við félagið, þannig að kjörgengi og atkvæðisréttur miðist við að félagskona hafi greitt þá reikninga sem félagið hafi gefið út á hendur henni eigi síðar en einni viku fyrir aðalfund.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

c) Tillaga um breytingu á 9. gr. laganna – Félagsgjöld

Fundarritari gerði grein fyrir því að lagt væri til að heimild stjórnar til að lækka eða fella niður félagsgjöld tímabundið yrði færð úr 11. gr. laganna yfir í 9. gr., enda ætti ákvæðið efnislega betur heima þar.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

d) Tillaga um breytingu á 11. gr. laganna – Lánveitingar

Fundarritari gerði grein fyrir því að í samræmi við breytingu á 9. gr. laganna væri lagt til að ákvæði um lækun eða niðurfellingu félagsgjalda félli brott úr 11. gr. laganna.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

e) Tillaga um breytingu á 12. gr. laganna – Skipulag FKA

Fundarritari gerði grein fyrir því að lagt væri til að fellt yrði brott ákvæði um að fulltrúaráð starfaði stjórn til stuðnings, enda væri nánar fjallað um hlutverk fulltrúaráðs í 13. gr. laganna.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt.

f) Tillaga um breytingu á 13. gr. laganna – Fulltrúaráð

Fundarritari gerði grein fyrir því að lagt væri til að hlutverk fulltrúaráðs yrði skilgreint með nýjum hætti sem ráðgefandi vettvangur fyrir stjórn félagsins, án formlegs eftirlitshlutverks eða ákvörðunarvalds.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt.

g) Tillaga um breytingu á 18. gr. laganna – Stjórn FKA

Fundarritari gerði grein fyrir því að lagt væri til að stjórnarkonum yrði fjölgað úr sjö í níu, meðal annars til þess að tryggja betur samfellu í stjórnarstörfum og draga úr þörf á auka aðalfundum vegna forfalla stjórnarkvenna.

Jafnframt væri lagt til að ákvæði um framkvæmd stjórnarkjörs yrðu uppfærð til samræmis við breytinguna, þar á meðal um kjörtímabil, sætaskipan og stöðu varastjórnar.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt.

7. Kjör stjórna, nefnda og ráða

Fundarstjóri fór yfir framkvæmd stjórnarkjörs sem fram fór með rafrænum hætti á tímabilinu 15.–19. maí 2026.

Í framboði til stjórnarFKA voru í stafrófsröð:

Björg Árnadóttir

Harpa Þrastardóttir

Hjördís Dröfn Vilhjálmisdóttir

Jasmina Vajzovic Crnac

Margrét Hannesdóttir

Sigrún Jóhanna Þráinsdóttir

Tinna Pétursdóttir

Þórdís Hadda Yngvadóttir

Þórey Hafliðadóttir

Þórunn Hilda Jónasdóttir

Kjörstjórn gerði grein fyrir framkvæmd kosningarinnar og niðurstöðum hennar.

Kosið var um:

- þrjú sæti í aðalstjórn til tveggja ára,

- eitt sæti í aðalstjórn til eins árs,
- þrjú sæti í varastjórn til eins árs.

Kjörsókn var 22.6% - Á kjörskrá voru 1301 kona og það voru 294 konur sem kusu

Í aðalstjórn voru kjörnar:

- Björg Árnadóttir með 131 atkvæði
- Þórey Hafliðadóttir með 120 atkvæði
- Harpa Þrastadóttir með 119 atkvæði

Í aðalstjórn til eins árs var kjörin:

- Jasmina Vajzovic Crnac með 108 atkvæði

Í varastjórn voru kjörnar:

- Margrét Hannesdóttir með 97 atkvæði
- Hjördís Dröfn Vilhjálmisdóttir með 85 atkvæði
- Þórunn Hilda Jónasdóttir með 65 atkvæði

Aðrar frambjóðendur hlutu eftirfarandi atkvæði:

- Tinna Pétursdóttir með 49 atkvæði
- Þórdís Hadda Yngvadóttir með 41 atkvæði
- Sigrún Jóhanna Þráinsdóttir með 40 atkvæði

Auðir seðlar voru 9.

Fundarstjóri og kjörstjórn þökkðu öllum frambjóðendum fyrir þátttöku í kosningunum og þann metnað og áhuga sem félagskonur sýndu starfi félagsins með framboði sínu. Þá var nýkjörinni stjórn, varastjórn, nefndum og ráðum óskað til hamingju með kjörið og velfarnaðar á komandi starfsári.

8. Kosning skoðunarmanns og vara skoðunarmanns

Tillaga var borin upp um að Nönnu G. Wage Marínósdótti yrði kjörin skoðunarmaður reikninga og að Ingibjörg Guðmundsdóttir yrði kosin skoðunarmaður til vara. Enginn hreyfði við andmælum og var tillagan samþykkt.

9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust undir liðnum önnur mál.

Rúna Diðriksen tók til máls og ræddi mikilvægi þess að félagskonur innan FKA styðji hver aðra í viðskiptum og nýti frekar þjónustu og vörur hver annarrar. Hún nefndi að afsláttarkjör eða sérstök

fríðindi fyrir félagskonur gætu verið hvetjandi og að slíkar hugmyndir hefðu komið til umræðu meðal félagskvenna.

Aðalheiður Karlsdóttir tók undir með Rúnu og þakkaði stjórn félagsins fyrir vel unnin störf á starfsárinu. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að efla sýnileika félagskvenna og fyrirtækja þeirra, meðal annars með markvissari kynningu innan félagsins. Þá benti hún á að ekki væri alltaf auðvelt að finna upplýsingar um fyrirtæki félagskvenna og hvatti til þess að skoðað yrði hvernig mætti gera fyrirtæki félagskvenna sýnilegri, til dæmis með tenglum á heimasíður þeirra og aukinni kynningu á starfsemi þeirra innan miðla félagsins. Slíkt gæti stuðlað að auknum viðskiptum og sterkari tengslamyndun meðal félagskvenna.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins að fundarstjóri undirriti fundargerð ásamt fundarritara og var það samþykkt.

Þá er ekki fleira á dagskrá aðalfundar.

Fundi var slitið klukkan 18:30.

Þannig gert í Reykjavík

19. maí 2026

Svanhildur Jónsdóttir, fundarstjóri

Hafdís Perla Hafsteinsdóttir, fundarritari